

21. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á Skógakaffi 6. maí 2015 kl. 09:45.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sandra Brá Jóhannsdóttir (í forföllum Evu Bjarkar Harðardóttur) og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins og tengiliðirnir Guðlaug Ósk Svansdóttir og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson.

Ásgeir formaður setti fund.

Brynja lagði fram plagg um atriði til umfjöllunar er varða fjármál:

Samþykkt að Brynja taki þátt í ProGEO ráðstefnu í Reykjavík 8.-12. september og jarðvangurinn greiði þátttökugjaldið. Samþykkt að skipta út fartölvu framkvæmdastjóra fyrir fartölvu með betri skjáupplausn. Sótt var umhverfisstyrk til Landsbankans í apríl og stefnt að umsókn í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í næstu viku.

Brynja greindi frá ýmsu sem hefur verið á döfinni frá síðasta stjórnarfundi:

- Jarðvangsvikan – þátttakan sæmileg, fjölgun frá fyrra ári í Hjörleifshöfðahlaupinu. Viðtal var við Brynju í morgunþætti Ríkisútvarpsins þar sem jarðvangsvikan var til umfjöllunar.
- Greint frá ferðum til Póllands og Frakklands, og heimsókn í nýja gestastofu Reykjanes jarðvangs.
- Brynja sat stefnufund Vatnajökulsþjóðgarðs í vikunni.
- Greint frá nefndarstarfi á vettvangi European Geoparks Network, Coastal Thematic Group og Volcanic Thematic Group, en Brynja og Sigurður hafa tekið þátt í starfi þessara hópa.
- Brynja vakti máls á því hvort jarðvangurinn ætti að hafa skoðun á álitamálum varðandi breytta veglínu um Myrdal vegna mögulegra áhrifa á jarðminjar. Formaður greindi frá því að veglínan væri komin inn á aðalskipulag en þó skilyrt því að vegurinn komist fyrir sunnan byggðarinnar í Vik að mati Vegagerðarinnar þegar ströndin verður komin í jafnvægi. Þessi mögulega veglína á síðan eftir að fara í umhverfismat (ef vegurinn telst komast fyrir sunnan byggðarinnar). Um allmargra ára ferli er að ræða áður en kemur til hugsanlegra framkvæmda. Einnig var rætt um hrun úr Dyrhólaey 4. maí og hlutverk jarðvangsins varðandi öryggismál á áfangastöðum jarðvangsins og fleira. Ákveðið að Brynja dragi saman helstu atriði varðandi skyldur jarðvangsins gagnvart EGN/GGN og sendi á stjórnina. Skipulagsvaldið er hjá einstökum sveitarfélögum en fram kom m.a. í umræðunni að mikilvægt væri að jarðvangurinn og tengiliðir hans hefðu samráð og samvinnu þegar unnið er að undirbúningi framkvæmda við áningarstaði jarðvangsins í sveitarfélögum þremur, m.a. með verndun og sjálfbæra nýtingu jarðminja að leiðarljósi.
- Greint frá fyrirhugaðri stofnun National Forum of Icelandic Geoparks og fyrirhugaðri stofnun UNESCO Global Geoparks.
- Rætt um undirbúning að heimsókn úttektaðilanna í ágústbyrjun. Brynja hefur haft samband við Snorra hjá Vatnajökulsþjóðgarði og fleiri aðila til að taka þátt í dagskránni. Ákveðið að Brynja í samvinnu við Sigurð og tengiliðina vinni saman að samantekt á gögnum sem skila þarf til úttektaðilanna fyrir 1. júlí nk. Auk gagnanna þarf að skipuleggja þriggja daga dagskrá úttektaðilanna 6. – 8. ágúst og útvega gistingu. Sigurður sendir til viðmiðunar dagskrá úttektaðilanna 2011.
- Guðlaug vakti máls á þeim möguleika að sækja ráðgjöf til SASS varðandi vinnu við stefnumótun jarðvangsins, en fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að skerpa á henni og treysta samstarfið við ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
- Stefnt að næsta fundi í Kötlu setri kl. 9:30 föstudaginn 12. júní. Fundi slitið kl. 12:10.